

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR ICELANDSIF

Aðalfundur IcelandSIF, kt. 461217-1330, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, var haldinn miðvikudaginn 10. apríl 2018, kl. 15:00, að heimili félagsins.

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, stjórnarformaður, setti fundinn og tilnefndi Guðbjörgu Þorsteinsdóttur, lögfræðing hjá Deloitte ehf. sem fundarstjóra. Fundarstjóri gerði tillögu um að Rut Kristjánsdóttir yrði fundarritari.

Til fundarins var boðað með lögbundnum hætti samkvæmt ákvæðum samþykktta félagsins, með tölvupósti 6. apríl 2019, en ítrekun á aðalfundarboði var send 27. mars 2019. Mættir voru fulltrúar fyrir hönd 12 aðildarfélaga, sbr. 3. gr. samþykktta félagsins. Fundurinn var því lögmeður og ákvarðanabær.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi í samræmi við fundarboðun og samþykktir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár
5. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna
 1. Tillaga um að þóknun stjórnarmanna haldist óbreytt frá fyrra ári, þ.e. ekki verði greidd stjórnarlaun
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðanda/skoðunarmanns
 1. Tillaga um að Deloitte ehf. kt. 521098-2449, verði endurkjörin endurskoðandi félagsins
8. Ákvörðun félagsgjalds
 1. Tillaga er um að félagsgjald verði óbreytt
9. Tillögu að breytingum á samþykktum, ef þær liggja fyrir
10. Önnur mál
11. Yulia Sofronova, Head of Nordics hjá samtökunum Principles for Responsible Investment PRI mætur á fundinn og gerir grein fyrir helstu áherslum samtakanna

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Guðbjörg Þorsteinsdóttir hjá Deloitte ehf. var kjörin fundarstjóri og Rut Kristjánsdóttir hjá Deloitte ehf. var kjörin fundarritari.

2. Skýrsla stjórnar lögð fram

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir flutti skýrslu um starfsemina á árinu 2018. Skýrsla stjórnarinnar var lögð fram og samþykkt.

Kristín Jóna Kristjánsdóttir frá Íslandssjóðum fór yfir vinnu frá vinnuhóp um upplýsingagjöf og fræðslu um ábyrgar fjárfestingar.

Kristján Geir Pétursson frá Birtu Lífeyrissjóði fjallaði um vinnu frá vinnuhóp um Siðferðileg viðmið í lögum um skylduþryggingu lífeyrirtínda og starfsemi lífeyrissjóða.

Egill Tryggvason frá Verði Tryggingafélagi fór yfir tilgang Háskólahópsins.

Jóhann Guðmundsson frá Lífeyrissjóði Verslunarmanna fór yfir tilgang og markmið viðburðarhópsins.

Hrefna fór yfir viðburði líðandi árs og kynningarstarf félagsins ásamt því að farið var örstutt yfir SIF störf á norðurlöndunum. Hrefna fór einnig yfir niðurstöður rannsóknar félagsins á stöðu innleiðingu ábyrgra fjárfestinga hjá meðlimum IcelandSIF.

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Farið var yfir ársreikning félagsins vegna rekstrarársins 2018 og hann samþykktur. Þorsteinn Guðjónsson, endurskoðandi frá Deloitte fór yfir fjárhagstölur félagsins.

4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár

Farið var yfir áætlun stjórnar félagsins fyrir komandi starfsár og hún samþykkt án athugasemda.

5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og skoðunarmanna

Fyrir fundinn lá fyrir tillaga um að ekki yrðu greidd stjórnarlaun sem var samþykkt samhliða.

6. Kosning stjórnar

Fyrir fundinn voru 7 framboð í stjórn og voru framboðnir stjórnarmenn því sjálfkjörnir í stjórn félagsins. Á fundinum voru eftirfarandi aðilar kjörnir í stjórn:

Davíð Rúddólfsson hjá Gildi Lífeyrissjóði, Egill Tryggvason hjá Verði tryggingum, Halldór Kristinnsson hjá Landsbréfum, Kristín Jóna Kristjánsdóttir hjá Íslandssjóðum, Kristján Geir Pétursson hjá Birtu Lífeyrissjóði, Margit Robertet hjá Kviku banka hf. og Óli Freyr Kristjánsson hjá Arion banka hf.

7. Kosning endurskoðanda/skoðunarmanns

Fyrir fundinn lá fyrir tillaga um að Deloitte ehf. verði endurskoðandi félagsins (Signý Magnúsdóttir) sem var samþykkt samhliða.

8. Ákvörðun félagsgjalds

Fyrir fundinn lá fyrir tillaga um að félagsgjald yrði óbreytt sem var samþykkt samhliða.

9. Tillaga að breytingum að samþykktum, ef þær liggja fyrir


Engar tillögur bárust fyrir fundinn um breytingu á samþykktum.

10. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir önnur mál. Var stjórn félagsins falið að tilkynna ákvörðun um nýja stjórn til fyrirtækjaskrár.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl.15:45.

Þannig gert í Kópavogi, 10. apríl 2019.


Guðbjörg Þorsteinsdóttir,
fundarstjóri


Rut Kristjánsdóttir
fundarritari